

# Starfshópur um mannauðsmál

Hlutverk hópsins er að kortleggja og koma með tillögur um þá þætti mannauðsmála sem snúa að nýjum þjónustuverkefnum samkvæmt samningi og undirbúa flutnings þjónustuverkefna við geðfatlaða frá ríki til Reykjavíkurborgar samkvæmt yfirlýsingu. Áhersla er lögð á að nýting núverandi mannauðs Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík verði sem skilvirkust

Verkefni hópsins í upphafi var að gera drög að verkáætlun sem nær yfir helstu efnisþætti þessa verkefnis. Einnig að kortleggja alla þætti sem huga þarf að í mannauðsmálum vegna flutnings verkefna frá ríki til Reykjavíkurborgar, s.s stéttarfélagsaðild, starfsheiti, starfsröðun o.s.frv.

## ***Hver erum við?***

*Guðrún Einarsdóttir, Svæðisskrifstofa  
málefna fatlaðra í Reykjavík*

*Guðný Anna Arnþórsdóttir, Svæðisskrifstofa  
málefna fatlaðra í Reykjavík*

*Kristján Sigurmundsson, Velferðarsvið*

*Lóa Birna Birgisdóttir, Velferðarsvið*

*Þorsteinn Hjartarson, Velferðarsvið*

Hópurinn fundaði 9 sinnum frá september til lok árs 2008 og fyrsti fundur á nýju ári var 9. janúar. Samvinna og samstarf hefur einkennt vinnu þessa starfshóps. Í upphafi var gerð verkáætlun og lagt var upp með í upphafi að klára kortlagningu á hinum ýmsu þáttum er varða mannauðsmál í tengslum við flutnings á þjónustu við geðfatlaða frá ríki til Reykjavíkurborgar. Þeir þættir sem voru kortlagðir voru m.a. launakjör, hlunnindi, menntunarkröfur og breytingar. Starfshópurinn hefur unnið að tillögum að nýjum starfsheitum og starfslýsingum. Nú standa yfir kynningarfundir fyrir starfsmenn Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík.

Starfshópurinn áætlað að ljúka vinnu sinni í febrúar.